

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.548,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjálfs aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. júní 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 378, 21. október 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1995.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stígamót, ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi.

Stígamót er sjálfseignarstofnun, með heimili og varnarþing í Reykjavík.

Um Stígamót gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

Stofnendur og stofnfé.

1. gr.

Stígamót eru stofnuð þann 8. mars 1990. Að stofnuninni stóðu eftirtalin samtök: Barnahópur Kvennaathvarfs, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, KFUK í Reykjavík, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Vinnuhópur gegn sífjaspellum, Sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennaráðgjöfin, Fóstrufélag Íslands, Þroskajálfafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Hið íslenska kennarafélag, LFK, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

2. gr.

Stofnfé Stígamóta var:

Framlag ríkissjóðs.....	kr.	1.000.000
Þar af skal óskerðanlegt stofnfé vera.....	kr.	500.000

Markmið.

3. gr.

Markmið Stígamóta eru:

að gert verði átak til fræðslu um kynferðislegt ofbeldi, sem er nauðsynlegur þáttur í varnaraðgerðum.

að tekið verði á málum sem snerta kynferðislegt ofbeldi af mannúð og skilningi.

að opinberir aðilar taki mark á reynslu þeirra, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og þeirra kvennahópa er unnið hafa með þau mál og leggi til grundvallar við ákvarðanir um úrbætur í meðferð mála.

að tillögum skýrslu nauðgunarmálanefndarinnar um neyðarmóttöku fyrir konur, sem hefur verið nauðgað, verði hrundið í framkvæmd tafarlaust.

að meðferð á málefnum barna, sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi verði tekin til gagngerrar endurskoðunar.

4. gr.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er Stígamótum útvegað húsnæði fyrir starfseminu og ráðið starfsfólk til þess að sinna ráðgjafar- og fræðslustarfi.

Tekjur og gjöld.

5. gr.

Tekjur Stígamóta eru sem hér segir:

- Styrkir frá opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum.
- Eigin fjáröflun stofnunarinnar.
- Önnur fjárframlög.

6. gr.

Gjöld Stígamóta eru sem hér segir:

- Útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum skv. 3. og 4. gr.
- Almennur rekstrarkostnaður stofnunarinnar.
- Önnur útgjöld.

7. gr.

Árlega skal gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningsárið er almanaksárið. Ársreikningur skal yfirfarinn af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Fé Stígamóta skal ávaxta með tryggunum og arðbærum hætti.

Framkvæmdahópur.

9. gr.

Framkvæmdahópur Stígamóta skal skipaður fimm fulltrúum og skal hver þeirra skipaður til tveggja ára í senn. Skal einn fulltrúi vera frá Kvænnaathvarfi, einn frá Kvennaráðgjöf, tveir frá leiðbeinendum sjálfshjálparhópa og einn úr hópi starfskvenna Stígamóta.

Framkvæmdahópur skal að jafnaði koma saman hálfsmánaðarlega. Aukafundi má halda, sé ástæða til. Halda skal gerðarbók.

10. gr.

Meginhlutverk framkvæmdahóps er:

- a) Fjárvarsla og fjárhagsleg ábyrgð á Stígamótum.
- b) Ráðning starfsfólks.
- c) Stefnumörkun Stígamóta.

11. gr.

Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir framkvæmdahóp og skal hann sjá um að ársreikningurinn berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

Skipulagsskrá.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari þurfa að hljóta einróma samþykki framkvæmdahóps Stígamóta.

13. gr.

Verði Stígamót lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað með tilliti til markmiða þeirra.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi framkvæmdahóps Stígamóta þann 27. apríl 1995.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. maí 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.